



### Efnisyfirlit

[Undirritaðir kjarasamningar og samþykktir](#)  
[Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, BSRB](#)  
[Kjarasamningar Bandalags háskólamanna \(BHM\)](#)  
[Kjarasamningur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga](#)  
[Kjarasamningur Kennarasambands Íslands](#)  
[Kjarasamningur Starfsgreinasambands Íslands](#)  
[Kjarasamningar við Rafiðnaðarsamband Íslands](#)  
[Samiðn f.h. aðildarfélaga og Verkstjórasamband Íslands f.h. aðildarfélaga](#)

Útgefandi: Fjármálaráðuneytið  
Ábyrgðarmaður: ráðuneytisstjóri  
Veffang: [fjarmalaraduneyti.is](mailto:fjarmalaraduneyti.is)  
Netfang: [postur@fjr.stjr.is](mailto:postur@fjr.stjr.is)

## Undirritaðir kjarasamningar og samþykktir

Að þessu sinni er fréttabréfið tileinkað nýgerðum kjarasamningum og helstu breytingum þeirra.

Samninganefnd ríkisins hefur nú undirritað kjarasamninga við 96 stéttarfélög. Flestir samningarnir hefa verið samþykktir, þ.e. allir nema þeir sem undirritaðir hafa verið nú á allra síðustu dögum. Laun starfsmanna sem heyra undir samninga sem samþykktir hafa verið eru leiðrétt í samræmi við kjarasamningana í launaafgreiðslu 1. júlí og annast Fjársýsla ríkisins allar breytingar kjarasamninganna miðlægt. Þó eru nokkur atriði sem snúa að Vinnustund sem stofnanir þurfa að athuga.

Fyrsti kjarasamningurinn var við Kennarasamband Íslands og var hann undirritaður 26. maí sl. Þá lá fyrir yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga til þriggja ára. [Yfirlýsingin er birt á vef forsætisráðuneytisins](#). Gildistími kjarasamninga ríkisins er til þriggja ára þ.e. frá 1. maí 2011 til 31. mars 2014. Verið er að vinna við að birta [kjarasamningana á vef ráðuneytisins](#) og nokkrir þeirra þegar komnir.

## Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, BSRB

Undirritaðir hafa verið kjarasamningar við öll félög innan BSRB nema félög lögreglumanna, tollvarða og sjúkraflutningamanna.

Þá var undirritað sérstakt samkomulag við bandalagið 29. maí sl. Í því er samið um að haldið verði áfram þeirri vinnu sem hófst með framkvæmdaáætlun sem fylgdi með kjarasamningum BSRB á árinu 2009 en því verkefni er ekki lokið að fullu. Ennfremur að taka til umræðu málefni sem lúta að framþróun starfsumhverfis starfsmanna ríkisins. Í samkomulaginu er einnig samið um aðkomu samningsaðila að veikinda og endurhæfingamálum, slysatryggingar og þá ætlar fjármálaráðuneytið að beita sér fyrir því að stofnanir ríkisins setji verklagsreglur svo sem um fjarveru starfsmanns vegna andláts nákomins ættingja, tækniþróun og áfengis meðferðar.

### Kjarasamningar stéttarfélaganna BSRB

Fyrsti kjarasamningurinn sem undirritaður var við félag innan BSRB var við SFR – stéttarfélag í almannáþjónustu. Hann var undirritaður 29. maí sl. Þá hefur verið samið við Samflot bæjarstarfsmannafélaga (innan samflotsins eru 10 stéttarfélög), Starfsmannafélag Suðurnesja, Starfsmannafélag Garðabæjar, Starfsmannafélag Kópavogs, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Félag starfsmanna Stjórnarráðsins, Kjöl stéttarfélag starfsmanna í almannáþjónustu og Félag flugmálastarfsmanna.

Launatöflur samninganna eru ekki allar eins en breytingar á greinum eru með sambærilegum hætti. Helstu atriði samninganna eru sem hér segir:

### Eingreiðsla

Eftir samþykkt kjarasamningsins er greidd eingreiðsla 50.000 kr. miðað við fullt starf tímabilið mars 2011 – apríl 2011, en þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað skemur fá hlutfallslega greiðslu.

## Hækkun mánaðarlauna

Laun hækkun sem hér segir samkvæmt samningunum:

1.6.2011: 4,25% eða 12.000 kr. að lágmarki.

1.3.2012: 3,50% eða 11.000 kr. að lágmarki.

1.3.2013: 3,25% eða 11.000 kr. að lágmarki.

Yfirvinna, vaktaálag og allir aðrir taxtar sem reiknaðir eru sem hlutfall af mánaðarlaunum taka breytingum í hlutfalli við hækkun mánaðarlauna.

Sérstök eingreiðsla 38.000 kr. verður greidd 1. mars 2014. Þeir sem eru í fullu starfi í janúar 2014 skulu fá greiðsluna. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað hluta úr mánuði fá hlutfallslega greiðslu.

## Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót í desember 2011 verður 48.800 krónur. Því til viðbótar verður greitt sérstakt álag á persónuuppbót kr. 15.000 á árinu 2011. Þetta er eingreiðsla sem er aðeins greidd með persónuuppbót 2011.

Persónuuppbót verður 50.500 krónur á árinu 2012 og 52.100 krónur 2013.

Orlofsuppbót hækkar í 26.900 krónur. Því til viðbótar verður greitt sérstakt álag á orlofsuppbót kr. 10.000. Þessi greiðsla er líka eingreiðsla og er aðeins greidd með orlofsuppbót 2011.

Orlofsuppbót verður 27.800 krónur á árinu 2012 og 28.700 krónur á árinu 2013.

## Breytt grein 2.3.8, frí í stað yfirvinnu

Samkvæmt greininni er starfsmönnum heimilt með samkomulagi við yfirmann að safna fríi í stað yfirvinnu á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar en yfirvinnuálagið er greitt við næstu reglulegu útborgun.

Starfsmaðurinn getur síðan tekið út fríið og yfirvinnuálagið er gert upp á sérstakri launategund sem heitir yfirvinnuálag og er launategund 254 í launavinnslukerfinu. Yfirvinnuálag er 44,44% af yfirvinnutaxta starfsmanns.

## Breytt grein 2.6.9 um matar- og kaffitíma vaktavinnnumanna. Greinin tekur gildi 1. mars 2012

Starfsmenn í vaktavinnu hafa ekki sérstaka matar- og kaffitíma en þeim er heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni. Vegna þessarar takmörkunar eru greiddar 25 mínútur á yfirvinnukaupi fyrir hverja vakt óháð lengd vaktar. Breytingin er í því fólgin að nú er alltaf greitt yfirvinnukaup óháð starfshlutfalli starfsmanns.

## Breytt grein 3.4.4 um fæðisfé

Helstu breytingarnar á greininni eru þær að fæðisfé hækkar í 380 krónur. Frá 1. mars 2012 fá starfsmenn, sem eru á vakt þegar matstofa vinnustaðar er ekki opin, greitt fæðisfé ef þeir eiga vinnuskyldu a.m.k. 1 klst fyrir og eftir umsamda matartíma á viðkomandi vakt, sbr. tímasetningar matar- og kaffitíma í yfirvinnu í kjarasamningum.

## Breyttur kafli 5.4 um vinnusókn og ferðir

Meginreglan er sem fyrr sú að starfsmaður skal sækja vinnu til fasts ráðningarstaðar á eigin vegum og í tíma sínum. Frá þessu eru undantekningar sem hafa nú verið skilgreindar ítarlegar en fyrr í kjarasamningnum.

## Breytt grein 5.5 um ferðatíma erlendis

Fari starfsmaður utan að frumkvæði vinnuveitanda og á vegum hans fær hann greiðslur vegna slíks óhagræðis. Greiddar eru þrjár álagsstundir á 33% álagi vegna brottfarar á virkum degi fyrir kl. 10 og ef heimkoma er eftir kl. 15:00. Greiddar eru sex álagsstundir á 55% álagi vegna brottfarar og heimkomu á almennum og sérstökum frídögum án tillits til þess hvenær dags flugið er.

## Slysatryggingar og fatapeningar

Þá er grein 7.1.6 um slysatryggingar breytt svo og grein 8.3.1 um fatapeninga. Meginbreytingin á þeirri grein er hækkun á upphæðinni.

Nokkrar bókanir eru með kjarasamningunum.

## Kjarasamningar Bandalags háskólamanna (BHM)

Einn sameiginlegur kjarasamningur var undirritaður 6. júní sl. við 19 stéttarfélög innan BHM en tvö félög sem gera kjarasamninga við ríkið tóku ekki þátt í samflotinu, þ.e. Stéttarfélag lögfræðinga og Félag prófessora við ríkisháskóla. Lögfræðingar höfðu vísað kjaradeilu sinni til sáttasemjara og undirrituðu kjarasamning 10. júní. Sá samningur er samhljóða BHM samningnum en enn er ósamið við prófessora.

Samningurinn nær til eftirtalinnna félaga BHM: Dýralæknafélags Íslands, Félags geislafræðinga, Félags háskólakennara, Félags háskólakennara á Akureyri, Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins,

Félags íslenskra félagsvísindamanna, Félags íslenskra náttúrufræðinga, Félags lífeindafræðinga, Félagsráðgjafafélags Íslands, Fræðagarðs, Iðjubjálfafélags Íslands, Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Leikarafélags Íslands, Ljósmeðrafélags Íslands, Sálfræðingafélags Íslands, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélags háskólamanna á matvæla- og næringarsviði, Stéttarfélags sjúkrabjálfa og Proskabjálfafélags Íslands. Ennfremur voru undirritaðir sérstakir viðaukar við kjarasamninga flestra félaganna.

Gildistími samningsins er frá 1. maí 2011 til 31. mars 2014 og hefur hann nú verið samþykktur af öllum félögum. Helstu atriði samninganna eru sem hér segir:

### **Eingreiðsla**

Eftir samþykkt kjarasamningsins er greidd eingreiðsla 50.000 kr. miðað við fullt starf tímabilið mars 2011 – apríl 2011, en þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað skemur fá hlutfallslega greiðslu.

### **Hækkun mánaðarlauna**

Aðildarfélög BHM eru flest með sömu launatöflu en Félag íslenskra náttúrufræðinga og Ljósmeðrafélag Íslands eru hvort um sig með sérstaka töflu. Launatöflurnar taka allar sömu hækkunum en þær eru sem hér segir:

1. júní 2011 um 4,25%, 1. mars 2012 um 3,50% og 1. mars 2013 um 3,25%. Þá verður greidd sérstök eingreiðsla kr. 38.000 1. mars 2014. Þeir sem eru í fullu starfi í janúar 2014 skulu fá greiðsluna, en þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað hluta úr mánuði skulu fá hlutfallslega greiðslu.

### **Persónuuppbót og orlofsuppbót**

Breytingar á persónu- og orlofsuppbót eru hinar sömu og hjá BSRB.

### **Önnur atriði samningsins eru:**

Breytt grein 2.3.8, frí í stað yfirvinnu (sjá texta um samning BSRB).

Breytt grein 2.6.9 um matar- og kaffitíma vaktavinnumanna (sjá BSRB).

Breytt grein 3.4.4 um fæðisfé (sjá BSRB).

Þá er grein 7.1.6 um slysatryggingar breytt.

### **Breytt grein 10.1 um endurmenntun, framhaldsnám og 10.3 um starfsmenntunarsjóð**

Helstu breytingarnar á greininni eru þær að nú á starfsmaður rétt á leyfi til að stunda framhaldsnám að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þetta var áður heimildarákvæði. Rétt er að benda á bókun 4 með kjarasamningunum vegna þessa.

Aukið er framlag í starfsmenntunarsjóð félagsmanna. Einnig er hækkað framlag til Starfspróunarseturs háskólamanna.

Nokkrar bókanir eru með kjarasamningunum svo og viðaukar svo sem áður sagði.

---

## **Kjarasamningur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga**

Kjarasamningur Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga sem undirritaður var 4. júní sl. er á sömu nótum og kjarasamningar BSRB og BHM. Gildistíminn er einnig frá 1. maí 2011 til 31. mars 2014.

Launahækkanir eru hinar sömu svo og desemberuppbót og orlofsuppbót. Helstu atriðin sem eru frábrugðin er breyting á gr. 2.6.2 um hvenær vaktskrá skuli lögð fram. Þessu atriði þurfa stofnanir að huga að vegna breytinga sem þarf að gera í Vinnustund. Einnig er grein 2.6.9 sem varðar svo kallaðar 25 mínútur breytt til fyrra horfs. Þá voru gerðar breytingar á greiðslum í starfsmenntunarsjóð og fjölskyldu- og styrktarsjóð.

---

## **Kjarasamningur Kennarasambands Íslands**

Samningurinn við Kennarasamband Íslands er á sömu nótum og kjarasamningar BSRB og BHM. Samningurinn var undirritaður 26. maí sl. Gildistíminn er frá 1. maí 2011 til 31. mars 2014.

Það sem helst er frábrugðið snýr að framtíð skólastarfsins og þeim breytingum sem þar eru að verða.

## Kjarasamningur Starfsgreinasambands Íslands

Samningurinn gildir frá 1. maí 2011 til 31. mars 2014. Samningurinn nær til eftirtalinna félaga Starfsgreinssambands Íslands (SGS):

Eflingar-stéttarfélags, Einingar-löju, Verkalýðsfélags Akraness, Stéttarfélags Vesturlands, Verkalýðsfélags Snæfellsbæjar, Verkalýðsfélagsins Stjórnunnar, Verkalýðsfélags Stykkishólms, Verkalýðsfélags Vestfirðinga, Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur, Verkalýðsfélags Hrótfirðinga, Stéttarfélagsins Samstöðu, Öldunnar stéttarfélags, Framsýnar stéttarfélags, Afli starfsgreinafélags, Verkalýðsfélags Suðurlands, Bárunnar stéttarfélags, Drífandi stéttarfélags, Verkalýðs- og sjómannafélagsins Boðans, Verkalýðsfélags Grindavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis og Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis.

Helstu atriði samningsins eru sem hér segir:

### Eingreiðsla

Greidd er sérstök eingreiðsla 50.000 kr. eins og hjá BSRB og BHM.

### Hækkun mánaðarlauna

Laun hækkun sem hér segir samkvæmt samningunum:

1.6.2011: 4,25% eða 12.000 kr. að lágmarki.

1.3.2012: 3,50% eða 11.000 kr. að lágmarki.

1.3.2013: 3,25% eða 11.000 kr. að lágmarki.

Yfirvinna, vaktaálag og allir aðrir taxtar sem reiknaðir eru sem hlutfall af mánaðarlaunum taka breytingum í hlutfalli við hækkun mánaðarlauna.

Sérstök eingreiðsla 38.000 kr. verður greidd 1. mars 2014. Þeir sem eru í fullu starfi í janúar 2014 skulu fá greiðsluna. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað hluta úr mánuði fá hlutfallslega greiðslu.

### Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót og orlofsuppbót eru hinar sömu og í kjarasamningum BSRB og BHM.

Ræsting, nýtt kerfi

Á samningstímanum verður til nýtt kerfi í tímamældri ákvæðisvinnu. Ríkisstofnanir hafa val um að greiða fyrir tímamældri ákvæðisvinnu samkvæmt nýju kerfi sbr. kafla 1.6.1 í samningnum eða greiða áfram samkvæmt eldri kerfi samkvæmt grein 1.6.2. Stofnanir þurfa að kynna sér vel nýtt kerfi þar sem forsendur þess eru mjög frábrugðnar eldri kerfi. Nýtt kerfi krefst m.a. nýrra mælinga. Sex mánuðum fyrir lok samningstímans munu samningsaðilar taka upp viðræður um stöðu mála og meta hvernig skuli staðið að innleiðingu nýs kerfis í framhaldinu.

Kjósni stofnanir að taka upp launakerfi í tímamældri ákvæðisvinnu á það ekki að leiða til kostnaðarauka fyrir ríkisstofnanir umfram almennar launahækkunir. Forsenda þess er að stofnanir skipti ekki beint yfir í nýtt kerfi heldur verður að skilgreina ræstisvæðið upp á nýtt.

### Önnur atriði eru sem hér segir:

- Grein 2.3.8 um frí í stað yfirvinnu er breytt. (Sjá BSRB).
- Grein 2.6.9 um matar- og kaffitíma vaktavinnumannanna breytist frá 1. mars 2012. (Sjá BSRB).
- Greinar 3.4.4 – 3.4.6 um fæðisfé breytast. (Sjá BSRB).
- Kafli 5.4 um vinnusókn og ferðir breytist. (Sjá BSRB).
- Ný grein bætist við kafla 5 um ferðatíma erlendis. (Sjá BSRB).
- Greinar 5.8.1 um heimflutning fjarri vinnustað og 5.9.5 um gistiaðstöðu er breytt.
- Grein 8.3.1 um fatapeninga breytist frá 1. júní 2011. Meginbreytingin á þeirri grein er hækkun á upphæðinni. Þá eru nokkrar bókanir með samningnum. Sérstakt fylgiskjal er með samningnum um lágmarkslaun fyrir fullt starf.

## Kjarasamningar við Rafiðnaðarsamband Íslands, Samiðn f.h. aðildarfélag og Verkstjórasamband Íslands f.h. aðildarfélag

Samningstími þessara samninga er hinn sami og annarra samninga. Launabreytingar eru hinar sömu og hjá BSRB. Einnig breytingar á persónu- og orlofsuppbót.

### Önnur atriði eru sem hér segir:

- Grein 2.3.8 um frí í stað yfirvinnu er breytt. (Sjá BSRB).

- Grein 2.6.9 um matar- og kaffitíma vaktavinnumanna breytist frá 1. mars 2012. (Sjá BSRB).
- Greinar 3.4.4 – 3.4.6 um fæðisfé breytast. (Sjá BSRB).
- Ný grein bætist við kafla 5 um ferðatíma erlendis. (Sjá BSRB).
- Greinar 5.8.1 um heimflutning fjarri vinnustað og 5.9.5 um gistaðstöðu er breytt.

Þá eru nokkrar bókanir með samningnum. Sérstakt fylgiskjal er með samningnum um lágmarkslaun fyrir fullt starf.